

**40. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
18. apríl 2017 og hófst hann kl. 20:00**

Fundinn sátu:

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Þórunn María Örnólfsdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Atli V. Harðarson varamaður, Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála, Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Andrés Ólafsson verkefnastjóri og Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

Fyrir tekið:

1. 1704072 - Byggðasafnið í Görðum - ársreikningur 2016

Fjármálastjóri Akraneskaupstaðar ásamt verkefnastjóra í fjárreiðudeild leggja fram ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2016 til samþykktar.

Fjármálastjóri Akraneskaupstaðar ásamt verkefnastjóra í fjárreiðudeild kynntu og útskýrðu ársreikning Byggðasafnsins í Görðum 2016. Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður.

2. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017

Forstöðumaður leggur fram verkefnatillögu fyrir stefnumótunavinnu fyrir málaflokkinn.

Forstöðumaður lagði fram verkefnatillögu fyrir stefnumótunavinnu fyrir málaflokkinn.

Ákveðið að óska eftir fjárheimild hjá bæjarráði til verkefnisins.

Forstöðumanni falið að koma erindi áleiðis til bæjarráðs.

3. 1604168 - Fyrirspurn varðandi afnot að Akranesvita og húsnæði Byggðasafnsins í Görðum

Forstöðumaður leggur fram tillögu um framlengingu á samningi frá 6. maí 2016.

Forstöðumaður lagði fram tillögu um framlengingu á samningi frá 6. maí 2016. Tillaga var samþykkt og forstöðumanni falið að ganga frá samningi með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

4. 1511348 - Útilistaverk við strönd

Forstöðumaður kynnir erindi frá tveimur listakönnum.

Forstöðumaður kynnti nýjar upplýsingar varðandi verkefnið Heima menn 339 (áður Útilistaverk við strönd) sem er samvinnuverkefni tveggja listakvenna og þriggja sjávarþorpa á Íslandi.

Forstöðumanni er falið að kanna erindið nánar skv. umræðum á fundi.

5. 1612035 - "Dularfulla búðin"

Forstöðumaður kynnir.

Forstöðumaður kynnti erindið.

Nefndinni finnst verkefnið áhugavert en hefur ekki fjármagn til úthlutunnar og vísar erindinu til bæjarráðs.

6. 1704066 - Bókasafn - ársskýrsla 2016


Bæjarbókavörur kynnir ársskýrslu Bókasafns Akraness fyrir árið 2016.

Bæjarbókavörður kynnti ársskýrslu Bókasafns Akraness 2016.

Meðal þess sem kom fram í máli hennar var að útlán hafi dregist saman frá fyrra ári enda hafi afgreiðslustundum fækkað um 10 á viku. Enn fremur kom fram að eftir að stöðugildum háskólamenntaðra starfsmanna var fækkað við safnið hefur það komið niður á starfi safnsins. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu Bókasafnsins.

Nefndin þakkar fyrir greinargóða kynningu og skýrslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.45


Lárus Þ. Þorvaldsson
Guðrún Ólafsson
Þórunn María Þorvaldsson
Jónella Sigmundsdóttir
~~Ashel~~
Helga Kristín Björgólfsson
Elka María Gunnarsdóttir.